

Fundargerð nr. 4

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	miðvikudagur 20. janúar 2021
Fundartími:	14:00 – 15:50
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Heimir Rafn Bjarkason Stefán Geirsson Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna undir lið nr. 4 og 5 Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson stýrði fundi.
Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Undirbúningur vegna fundar Framkvæmda og veitunefndar 20. jan 2021.

EPI/eþi 15.01.21

- Flóaljós – nýjar tengingar
- Vatnsveita Flóahrepps – áhersluverkefni
- Sameiginleg vatnsveita – Fljótsbotnar
- Skipulagsmál í Þingborg og Heiðargerði
- Skipulagsmál Flóaskóli
- Háلكuvarnir
- Verkfærageymsla/aðstaða húsvarðar og umsjónarmanns fasteigna

1. Flóaljós:

Farið yfir stöðu mála varðandi nýframkvæmdir.

2. Vatnsveita áhersluverkefni:

Spurning um legu nýrrar lagnar með Hamarsvegi eða á sömu lagnaleið.

Bent er á að til þess að færa lögnina þyrfti að tengja alla notendur uppá nýtt og umfang þess verkefnis hefur ekki verið skoðað. Skoða þarf hvort ekki er betra að halda sig við eldri lagnaleiðina.

Ótvíræður kostur er að hafa lagnaleiðir með vegum. Finna þarf út hversu miklu munar í kostnaði áður en endanleg ákvörðun verður tekin. Tillaga um að fá Bórk til þess að skoða þetta nánar. Stærð verksins kallar hugsanlega á leit eftir verðtilboðum.

Úrbætur á svæði sem spannar jarðirnar í Hnaus – og nágrenni – lítill þrýstingur og of lítið magn eins og staðan er nú. Ný lögn er komin að 360 ° sem starfsmenn Vatnsveitu segja nægilega svera (75) til þess að bæta ástandið en það þyrfti að framlengja hana.

Tillaga um fá Bórk til þess að skoða aðstæður og áætla kostnað við verkið.

Sameiginleg Vatnsveita:

Sjá minnisblað meðfylgjandi:

Nefndin er mjög fylgjandi þessu verkefni og í ljósi þess að Flóahreppur býr vel hvað varðar innan sveitar veitukerfi þá er ekki ávinningur af því að fara með það inn í samstarfið heldur taka aðeins þátt í stofnlögn.

Ramma þarf inn samkomulag um verkefnið með skýrum og bindandi hætti.

3. Skipulagsmál Þingborg – Heiðargerði

Hugmyndir – hönnun

Rætt um hvort skynsamlegt væri að skipta niður lóðum í Heiðargerði til þess að auðvelda minni fyrirtækjum að taka þær á leigu.

Sveitarfélagið á óskipulagt land í framhaldi af lóðum sem þegar eru skipulagðar. Skoða þarf að bæta því svæði við.

Einnig rætt um Þingborgarsvæðið og endurskoðun á því skipulagi sem þar er í gildi.

Nefndin leggur til fengin verði verðtilboð í vinnu við skoðun á þessu og við mögulegar breytingar á skipulagsgögnum. Skoða þarf vel reglugerðir varðandi frárennismál í þéttbýli/þéttari byggð. Einnig þarf að skoða möguleika hitaveitu til þess að þjónusta aukna byggð.

Skipulagsmál Flóaskóli:

Lögð fram gögn sem unnin voru af nemendum Flóaskóla þar sem fram komu tillögur um skipulag á leiksvæðum.

Hvaða uppbyggingu þarf að ráðast í?

Ljóst er að rýni innan húss er fullnýtt og huga þarf að því hvernig bregðast á við auknum nemendafjölda.

Teikna þarf upp framtíðarmynd með þarfagreiningu og miklu samráði við alla hagsmunaaðila. Fyrir liggur að Gamli skólinn þjónar starfinu ekki lengur. Taka þarf ákvörðun um hversu mikla uppbyggingu á að fara í og einnig um framtíð Þjórsárvers.

Ræða þarf aðkomu að svæðinu, hvað varðar öryggi og teikna upp skipulag lóðar.

Nefndin leggur til að stofnaður vinnuhóp til þess að undirbúa verkefnið. Nefnt var nafn Anne Bruun. Hansen arkitekts í Smjördölum, sem þekkir vel til svæðisins, til þess að stýra verkefninu.

4. Háلكuvarnir á skólalóðum:

Verktaki í snjómokstri telur ekki arðbært að fjárfesta í búnaði til háلكuvarna.

Nefndin gerir tillögu um að keyptur verði kassi aftan á dráttarvél. Verktaki í sjómokstri er tilbúinn til þess að hafa umsjón með honum. Aflvélar eiga þennan búnað á lager. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir fjármagni til þess að leysa þetta mál. Ganga þarf frá kaupum á þessum búnaði og koma honum til verktaka.

5. Fasteignasviðið:

Umsjónarmaður fasteigna hefur óskað eftir því að Flóahreppur kaupi einangrað smáhýsi og setji upp við hlið áhaldahússins þar sem öll verkfæri og áhöld sem húsvörður á Skólaholtinu og umsjónarmaður fasteigna gætu geymt minni áhöld og nauðsynlegan lager af skrúfum, þerum og ýmsu fleiru á einum stað sem aðrir gengju ekki um.

Nefndin tekur undir það að þörf sé fyrir þessa tímabundnu lausn og leggur til að sveitarstjórn samþykki þessa beiðni.